

Málf. 12/1 1967

Stafsskýrsla
Skógarvarðarins
á Vesturlandi
1966

Skógarvöðunum á Vesturlandi.

Starfsskýrsla 1966.

Veðrätta: Frá áramótum og allt framyfir miðjan maímanuð var þurrviðrasamt, mjög frosthart en snjóleitt. Síðari hluta maímanaðar brá til rigninga með kulda, og hélzt svo lengst af fram í júlí, en þá kom sumartíð að kalla. Sumarið var frekar þurrviðrasamt, en gerði þó öðru hvoru kulda með rigningu t. d. 20. og 21. júlí, en þá gerði aftakaveður með mikilli rigningu og stórfloð, er olli miklu tjóni. Var þessa daga ekki vinnufært veður. Klaki var í jörðu allt til hausts á stöku stöðum. Var mjög erfitt að vinna í græðireit fram eftir sumri sökum klaka og bleytu. Haustið var gott, en í nóvember brá til umhleypinga og hefur verið hörð tíð í nóvember og desember. Þetta ár mun talið erfitt gagnvart búskap. Gras kom seint og kal var afar mikið og á mörgum stöðum var grasvöxtur nálega enginn. Kartöfluuppskera var hér um slóðir engin að kalla og mörg dæmi þess, að ekki var hirt úr görðum. Ínsvegar var vöxtur trjáplantna ágætur, einkum á eldri plöntum. Rauðgreni íð Hreðavatn óx allt upp yfir 30 cm. Einnig óx sitkagreni og fura mjög vel. Fræær var afburða gott hér á Vesturlandi, ég minnist ekki að hafa séð fræ svjafnt um hið viðóttumikla kjarrlendi á Vesturlandi. Skófur grænkaði ekki fyrr en um 6. júní. Lauffall varð fyrstu daga október.

Starfsfólk: Að jafnaði störfuðu 2 piltar og 4 unglingsstúlkur frá 1. júní til 18. sept., en í júní var fólkis fleira, mest unglingsstúlkur, og auk þess var girðingarflokkur í júlímanuði, 5 piltar. Vinnulaun voru greidd 329.548.00, er skiptast á milli græðireits, nýrra girðinga, gróðursetningar, grisjunar, viðhalds fasteigna, vegagerðar o. fl. Auk þess eru áburðarkaup, flutningar o. fl. Helztu verkefni voru: Græðireiturinn, gróðursetning í Norðtunguskógi, Hreimstaðagirðingu og Jafnaskarðsskógi.

Virtar voru: Ný girðing í Reykholti, tæpra 800 metra löng, mjög vönduð, sirt úr neti, vir og járnstaurum. Landið skóglauð, en gott til skógræktar. Ný girðing í Gilsbakkaskógi um 1 km., en auk þess er fjárpestargirðing nálega jafnlöng hinni nýju girðingu. Girðingen er vönduð, úrnýju efni, landið hallandi skogivaxin hlíð og afbragðs skógræktarland.

Viðgerð fór fram í Kiðárgljúfri á Jafnaskarðsgirðingu og viðar. Mjög erfitt að fást við Jafnaskarðsgirðingu sökum vatnsins og árinnar, sem ryður öllu um koll í floðum.

Sauðhússkóggargirðing er nú ónýt og verður ekki umflúið að koma þessu landi af höndum sér, enda illa séð og ekki til vegsauka fyrir skógræktina, og verður að smala landið.

Grisjað var í Jafnaskarðsskógi, bæði fyrir það, sem gróðursett var og einnig frá eldri gróðursetningu, og þyrfti að grisja þar miklu meira.

Gróðursetning: Gróðursett var sem hér greinir:

Hreimsstaðagirðing:

1.200 rauðgreni 2/3 ottaroy Norðtungu.

1.000 sitkagreni 3/2 Homer Norðtungu.
 3.000 birki 3/0 Hallormsstað.
 Samtals 5.500 plöntur.

Jafnaskarösskóðgur:

7.000 hvítgreni 3/3 Seward Vaglir.
 15.000 rauðgreni ? ? Tumastaðir (síðsumars).
 Samtals 22.000 plöntur.

Norðtunguskóðgur:

5.600 hvítgreni 3/3 Seward Vaglir.
 8.200 rauðgreni 2/4 VefsenGrane Vaglir.
 4.800 lerki Tumastaðir.
 síðsumars
 2.200 sitkagreni 3/2 Homer Norðtunga.
 1.000 rauðgreni 2/2 Rissa Norðtunga.
 Samtals 21.800 plöntur.

Alls hafa verið grððursettar á vegum Skógræktar ríkisins 49.300 plöntur.

Aburðargjöf var framkvæmd í Norðtunguskógi. Borinn var á Kjarni blandaður prífosfati. A síðastliðnu ári var furan úðuð. Um árangur er ekki gott að dæma, en furulús var mun minna áberandi í ár á þeim stöðum þar sem engar lækningatilraunir voru gerðar, heldur en undanfarin ár.

Fræprufur tók ég á nokkrum stöðum - allt úr Þorskafirði, Dalasýslu og á Myrar vestur. Eru þær geymdar.

Græðireitur í Norðtunguskógi:

Dreifsettar voru 67.000 rauðgreni 3/0 Stjórdal - Tumastaðir.

Samkvæmt samþykktum, er gerðar voru á skógarvarðafundi 1966, var ákveðið að dreifsetja full 100 þúsund plöntur í græðireitinn. Atti nokkuð af plöntunum ó koma frá Vögnum, en komu ekki. Hins vegar var landið undirbúið og varð af þessu aukakostnaður.

Úr reitnum voru teknar plöntur sem hér greinir:

7.200 sitkagreni 3/2 Homer.
 9.000 rauðgreni 2/2 Rissa Samtals 16.200 plöntur.

Til ráðstöfunar á árinu 1967 verða, ef engin óhöpp koma fyrir:

15.000 sitkagreni 3/3 Homer (B 522)
 7.000 rauðgreni 3/3 Otteroy (B 428)
 1.500 stafafura 2/3 Samtals 23.500 plöntur.

Allur vinnukostnaður við græðireitinn reyndist um 126 þúsund kr., þar með upptaka plantna. Þó var mjög óhagstæð og lengi varla vinnufært sökum bleytu og klaka. Þess má geta, að 8. júní var 20 cm. þykkur klaki sums taðar í græðireitnum.

Störfin voru með sama hætti og undanfarið. Eg annaðist framkvæmdir Skógræktarfélags Borgarfjarðar. Þá hafði eg umsjón með vinnu í Snorragarði - hreinsun o. fl. Þess má geta, að nýr skólastjóri, Vilhjálmur Einarsson, tók þar við. Var hann ókunnugur gagnvart Snorragarði, en sagði, að um fjárveitingu væri að ræða, sem væri að vísu ókomin. Eg tók starfið að mér, því að skólastjóri var í vandræðum með umhirðu garðsins. Skólastjóri hefur ekkert fengið greitt, en ég greiddi fólkini úr eigin vasa í von um greiðslu, en hef ekkert fengið. Um framvindu Snorragarðs er því nokkur vafi. Frá því síðast í maí og til 18. sept. var ég með fast aðsetur í Norðtunguskógi. Að þessu sinni fékk ég engar vanar stúlkur og er það vægast sagt fullkomin neyð að taka óvanar unglingsstúlkur til starfa í vondri tó við erfið vinnuskilyrði.

Eg var fjarverandi í 180 daga ýmissa erinda fyrir skógræktina, auk þess sem ég var í Jafnaskarðsskógi og við skriftir heima.

Ferðir utan héraðs eru helztar:

28. febr. til 6. marz var ég á skógarvarðafundi í Reykjavík.

9. júní grðursetti ég við Kvennaskólan ásamt námsmeyjum þar.

23. júní fór ég í skógræktargirðingarnar í Dalasýslu og jafnhliða var grðursett í Hvammi í Döllum.

2. júlí fór ég á fund til Isafjarðar ásamt skógræktarstjóra og formanni Skógræktarfélags Íslands.

26. júlí fór ég ásamt 2 mönnum í Skótagirðingu í Þorskafirði og gerði við hana.

18. til 20. ágúst var ég á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands að Laugum í Þingeyjarsýslu.

1.^{or} 2. okt. fór ég að Skógam í Þorskafirði til eftirlits og til að kynna mér horfur um framtíð Skótagirðingar. Ræddi ég í því sambandi við Sesselju í Skógam, sem er ef til vill hinn maunverulegi eigandi jarðarinnar.

Ymislegt: Í haust var rafmagn lagt að húsinu í Norðtunguskógi, eftir er að leggja í húsið sjálft. Margir ferðamenn koma og þurfa á fyrirgreiðslu að halda. Oft eru hliðin skilin eftir opin á skógræktargirðingunni við Hreðavatn, enda fólkstraumur mikill yfir sumarmánuðina.

Skógræktarstjóri kom í Janfaskarðs og Norðtunguskógi. Þá kom Baldur Þorsteinsson í græðireitinn.

Í vor var stofnað veiðifélag um Gljúfurá, en Sauðhússkógar á land að ánni. Eg mætti á fundi veiðifélagsins fyrir hönd Skógræktarinnar.

Pakka samstarfið og gða fyrirgreiðslu á árinu.

Hreðavatni á gamlaársdag 1966.

Daniel Kristjánsson